



Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

3. mars 2006

Efni: 353. mál.

„Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum“.

Landssambandi smábátæigenda hefur borist eftirfarandi texti frá ritara sjávarútvegsnefndar sendur í umboði formanns hennar. Mun ætlun nefndarinnar að ákvæðið komi í stað þess sem nú er í frumvarpinu og vísað var til nefndarinnar eftir 1. umræðu.

„Ákvæði til bráðabirgða I.

Í upphafi fiskveiðiárs 2006/2007 skal úthluta aflahlutdeild í þorski þeim fiskiskipum sem réttur skv. 9. gr. a er bundinn við þegar löggin taka gildi. Reiknigrunnur hvers úthlutunarréttar samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu skal vera hvort sem hærra reynist; aflamark, sem úthlutun á grundvelli viðkomandi réttar gefur án tillits til aflamarksstöðu fiskiskips eða aflamark sem er meðaltal þess aflamarks sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000-2005/2006, að báðum árum meðtöldum. Þó skal skerða reiknigrunn hvers úthlutunarréttar hlutfallslega þannig að heildarreiknigrunnurinn verði ekki hærri en meðaltal úthlutana fyrrgreindra fiskveiðiára að teknu tilliti til lækkunar leyfilegs heildarafla í þorski milli fiskveiðiáranna 1999/2000 og 2005/2006. Aflahlutdeild hvers fiskiskips skal síðan reiknuð út frá reiknigrunni sem hlutfall af úthlutaðu aflamarki fiskveiðiársins 2005/2006 í þorski. Að lokinni þessari úthlutun skal aflahlutdeild allra fiskiskipa í þorski endurreiknuð með hliðsjón af þeim breytingum sem af þessari úthlutun leiðir. Heimilt er ráðherra að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um flutning réttar milli fiskiskipa.“

Það ákvæði sem hér er kynnt mun leiða til mikilla breytinga á frumvarpinu, þ.e. hverjir muni njóta varanlegra veiðiheimilda með afnámi sérúthlutunar í þorski sem kveðið er á um 9. gr. a. í L 38/1990. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram

„að fiskiskipum sem þessarar úthlutunar hafa notið verði í staðinn úthlutað aflahlutdeild frá og með fiskveiðiárinu 2006/2007 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða. Við útreikning þeirrar aflahlutdeildar verði reiknigrunnur hvers úthlutanarréttar meðaltal þess aflamarks sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðárunum 1999/2000 – 2005/2006, að báðum árum meðtöldum, þó þannig að skerða skal meðaltalið hlutfallslega miðað við lækkun leyfilegs heildarafla í þorski milli fiskveiðaráranna 1999/2000 og 2005/2006.“

Í drögum að nýjum texta frumvarpsins er gert ráð fyrir að fallið verði frá því að veiðirétti sem myndast við hlutdeildartengingu verði úthlutað í hlutfalli við það sem viðkomandi fékk í sinn hlut á tímabilinu 1999/2000 – 2005/2006. Það leiðir til þess að 40 aðilar sem ekki hafa uppfyllt eftirfarandi skilyrði til úthlutunar verður nú úthlutað samkvæmt grunnréttindum. Þar af eru 10 sem fá full réttindi, en þeir voru með þorskígildi umfram 450 á tímabilinu, 2 fá nánast full réttindi, en þeir höfðu ekki þorsk í sínum veiðiheimildum á tímabilinu. Réttur þeirra 28 sem þar standa eftir er afar rýr, en þeir voru flestir án veiðiheimilda í þorski á viðmiðunartímabilinu.

LS ítrekar þá skoðun sína að rétturinn sem hér um ræðir eigi að ganga til þeirra sem fengu honum úthlutað á viðmiðunartímabilinu. LS hefur þó skilning á að gera þurfi breytingar á frumvarpinu stangist það óbreytt við lög og skapi ríkissjóði þannig skaðabótaskyldu sem gæti leitt til enn meiri skerðinga hjá umbjóðendum LS.

LS furðar sig hins vegar á að slíka breytingu sé ekki hægt að gera á annan hátt en viðurkenna full réttindi á þá aðila sem áttu samkvæmt upphaflegu markmiði þessa ákvæðis ekki tilkall til þessara veiðiheimilda. Það er þeirra sem höfðu veiðiheimildir umfram 450 þorskígildi og engar þorskveiðiheimildir.

Ákvæðið var lögfest í framhaldi af ábendingum LS og var ætlað að styrkja smáar útgerðir sem höfðu nánast allar sínar veiðiheimildir í þorski og höfðu þannig orðið fyrir veiðiheimildaskerðingu umfram aðra útgerðarflokka.

Virðingarfyllst

f.h. Landssambands smábátæigenda


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hjálagt fskj. „Jðfnu-Úttekt

Smábátar	1,445,869 kg	233	25	6,205 kg
Stærri bátar	1,065,744 kg	131	7	8,135 kg
		alls	396	

Smábátar	1,145,128 kg	233	25	4,915 kg
Stærri bátar	844,069 kg	131	7	6,443 kg
Samtals	1,989,197 kg	364	32	5,465 kg
		alls	396	

Frumvarp I

Smábátar	1,187,485 kg	272	25	4,366 kg
Stærri bátar	865,529 kg	153	7	5,657 kg
		alls	457	

Frumvarp II

Smábátar	1,124,478 kg	292	25	3,851 kg
Stærri bátar	928,485 kg	173	7	5,367 kg
		alls	497	

Frv. II fjölgar aðilum sem fá úthlutun um 40 þeir gera tilkall í alls 279 tonn sem valda því að úthlutun sbr. aðferð við frv. I lækkar um tæp 12% - um 796 kg hjá þeim sem eru með hámarksrétt - 8.4 tonn

Þau 279 tonn sem þarna koma óvænt inn eru 189 tonn v. stærri báta og 90 v. smábáta. Bátum sem fá bætur fjölgar þannig um 20 í hvorum flokki

Við breytinguna missa smábátar 63 tonn sem stærri bátar bæta við sig.